



Náttúruverndarstofnun

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Austurvegi 4

860 Hvolsvöllur

Garðabær, 26.8.2025

Málsnúmer: 202508-0023

IAS

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði. Vogar, frístundabyggð í íbúðarsvæði.

Vísað er til erindis Náttúruverndarstofnunar frá 19. ágúst 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um leyfi til framkvæmda innan friðlýsts svæðis Mývatns og Laxár.

Vogabú ehf sækir um leyfi fyrir lagningu vegar að íbúðasvæði á Voghrauni og er vegurinn að hluta innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Náttúrufræðistofnun veitti umsagnir um breytingar á deiliskipulagi og aðalskipulagi vegna breytingu frístundabyggðar í íbúðabyggð. Hér er vísað í þær umsagnir:

„Skipulagssvæðið er á nútímahrauni, sem rann í Hverfellseldum fyrir um 2650 árum, og á loftmyndum má sjá að í hrauninu eru áberandi svigður eða straumgárar sem liggja þvert á rennslistefnu hraunsins. Þessi form sjást mjög vel þrátt fyrir að hraunið sé mikið til vaxið birki og auka á verndargildi hraunsins. Nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Flutningur á aðkomuvegi til norðurs og breikkun úr 3 m í 4 m auk heimildar til að gera allt að 1 m breiðan göngustíg samsíða vegi veldur umtalsvert meira raski á ósnortnu nútímahrauni en útfærsla vegarins í gildandi skipulagi og ekki eru færð rök fyrir þeirri brýnu nauðsyn sem kallar á þennan flutning. Þá mun fjölgun lóða og tvöföldun á stærð byggingarreita jafnframt leiða til meiri röskunar á nútímahrauni.

Í 61. gr. laga um náttúruvernd kemur jafnframt fram að „sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.“ njóta sérstakrar verndar en ekki er víst að birkið á framkvæmdasvæðinu falli undir þetta ákvæði og ekki er vitað til þess að gróður á framkvæmdasvæðinu hafi verið skoðaður.

Þá vill Náttúrufræðistofnun ítreka hófsemi í uppbyggingu sem veldur raski á vernduðum náttúruminum og eykur álag á viðkvæmt lífríki Mývatns en vatnið er stutt frá áformuðum byggingum þó Mývatnsvegur skilji þar á milli. Taka þarf tillit til þolmarka viðkvæmrar náttúru svæðisins sem jafnframt er í jaðri Verndarsvæðis Mývatns og Laxár.“

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur